

## Ný sýn á þekkingarverðmætum

Samnorrænt verkefni Nordika sem vinnur að því að leggja mat á þekkingarverðmæti í norrænum fyrirtækjum hefur verið sett af stað hér á Íslandi sem mörg Íslensk fyrirtæki fagna. Samkvæmt könnun sem ráðgjafafyrirtækið PLS gerði er áhugi meðal íslensra fyrirtækja mikil á því hvernig leggja skuli mat á þekkingarverðmæti. Að leggja mat á þekkingarverðmæti í fyrirtækjum er ekki auðvelt en jafnframt er það er orðið mikilvægt fyrir fyrirtæki í dag að geta sýnt fram á fyrir hvað þau standa.

Samnorræna verkefni Nordika er þýðir Norrænt samstarf um hvernig eigi að mæla þekkingarverðmæti í fyrirtækjum hefur það markmið að byggja brú milli verkefna sem þegar eru í gangi á norðurlöndum og er að fara í gang hér á landi. Verkefnið á að ljúka árið 2001 með útgáfu á upplýsingum um hvernig eigi að meðhöndla og leggja mat á þekkingarfjármagn í fyrirtækjum og hvernig best sé staðið að því að skrásetja þekkingarfjármagn þannig að samræming náist í því hvernig eigi að mæla þekkingarfjármagn svo að sambærileg fyrirtæki geti borið sig saman.

Hvernig á að leggja mat á þekkingarverðmæti í fyrirtækjum er einn af þeim þáttum sem skipta fyrirtækið máli hvernig fyrirtækið þróar og hagnýtir þá þekkingu sem það býr yfir sem er grunnurinn að árgangri þess. Það er stórt verkefni að vinna með þekkingarverðmæti því í dag er ekki til nein ein viðurkennd aðferði á reiknisskil og meginreglur bókhaldsaðgerða sem fyrirtæki geta stuðst við.

Hugsunin um að skrásetja þekkingu fyrirtækisins kom fram í fyrsta skipti kringum '90. Síðan þá hafa fyrirtæki t.d. Skandia í Svíþjóð og Ramboll í Danmörk unnið með skrásetningu á þekkingarverðmætum og fjöldi verkefna hafa verið sett af stað. Það eru niðurstöður þessar verkefna og niðurstöður Skandia og Ramboll sem Nordika er að safna saman þannig að nordika geti verið ráðgefandi fyrir önnur fyrirtæki á norðurlöndum sem vilja mæla og skrásetja hjá sér þekkingu.

Nokkur fyrirtæki á norðurlöndum hafa verið að leggja mat á þekkingarverðmæti og notað sínar eigin aðferðir við það. Það er krefjandi fyrir fyrirtæki að fara af stað með slíkt og einnig er erfitt fyrir fjárfesta að bera saman þekkingarverðmæti þegar mat á þekkingarverðmætum eru ekki unnin út frá ákveðnum reglum eða viðmiðum.

Þess vegna getur Nordika gengt mikilvægu hlutverki fyrir Íslensk fyrirtæki og fyrirtæki á norðurlöndu segir Anna María Pjeturdóttir PwC verkefnisstjóri Nordika á Íslandi.

## **Styrkur fyrirtækja á norðurlöndum**

Nordika merkir Norrænt verkefni sem hefur það markmið að mæla Þekkingarfjármag og styðja við norræn fyrirtæki í sífelldu harðari samkeppni á alheimsmarkaði.

Fyrir utan að gefa út upplýsingar um mælingar og skýrslur um þekkingu, er verkefnið Nordika að reyna að hafa áhrif á starfsemi sem á sér stað í EU og OECD hvað við kemur mælingar á þekkingarverðmætum.

*Anna María Pétursdóttir MSc vinnusálfræði*